

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2022

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum, 241. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu sem felur í sér að Alþingi feli heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp sem hafi það markmið að greina og gera tillögur að fyrirkomulagi til þess að efla geðheilsu fagfólks sem vinnur við að hjálpa öðrum, svo sem starfsfólks heilbrigðiskerfisins, lögreglu, slökkviliðs og í leik-, grunn- og framhaldsskólum o.fl.

Félagsmenn aðildarféлага BSRB starfa margir hverjir innan heilbrigðiskerfisins, hjá lögreglu, hjá slökkviliðum og innan menntakerfisins. Þetta eru þær starfsstéttir sem helst stafa ógn af samúðarþreytu. Bandalagið fagnar því þingsályktunartillögunni og telur tímabært að farið sé í rannsóknir hér á landi til þess að greina vandann og að í kjölfarið verði settar fram tillögur að úrræðum fyrir umræddan hóp starfsmanna.

BSRB hefur ítrekað kallað eftir því að gripið verði til fyrirbyggjandi aðgerða vegna langtímaáhrifa álags vegna heimsfaraldursins með því að tryggja fólki hvíld og endurheimt ásamt ráðgjöf og stuðningi frá sérfræðingum vegna hættu á sjúklegri streitu og kulnun. Framlínufólk hefur búið við viðvarandi aðhaldsaðgerðir ásamt miklu og vaxandi álagi til fjölda ára. Þetta viðvarandi álag hefur aukist verulega vegna COVID-19. Þegar faraldurinn verður genginn yfir bíður þeirra að snúa aftur til þess álags sem fylgir þeirra daglegu störfum í starfsumhverfi sem einkennist af undirmönnun, óheilbrigðu vinnuálagi og viðvarandi álagskröfu. Þessu hefur ekki verið sinnt nema að óverulegu leyti.

BSRB hefur einnig, frá upphafi faraldursins, lagt ríka áherslu á að framlínustarfsfólki verði greitt sérstaklega fyrir aukið álag í starfi. Í fjárukalögum í apríl 2020 var veitt fjárheimild sem nemur einum milljarði króna til að greiða um 3.000 manns sérstakar álagsgreiðslur. Á síðari hluta ársins 2020, árið 2021 og það sem af er yfirstandandi ári hefur hins vegar ekki komið til frekari fjárheimilda til að sýna raunverulegan skilning á starfsaðstæðum launafólks sem hefur tekið á sig hitann og þungann af því álagi sem heimsfaraldur hefur haft í för með sér.



BSRB ítrekar þá kröfu að starfsfólki verði umbunað fjárhagslega fyrir sitt mikilvæga framlag til samfélagsins á fordæmalausum tímum. Þá vill BSRB vekja athygli velferðarnefndar Alþingis á því að framlínustarfsfólki hjá sveitarfélögunum hefur ekki verið greitt sérstakar álagsgreiðslur vegna faraldursins.

Hvað efni þingsályktunartillögunnar varðar þá er BSRB reiðubúið að taka sæti í starfshópnum, verði eftir því óskað.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Hrannar M. Gunnarsson".

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum, 241. mál.

Reykjavík 15. febrúar 2022

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) fagna því að fram er komin tillaga til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum. Fastlega má áætla að samúðarþreyta sé til staðar meðal íslenskra hjúkrunarfræðinga, eins og víða erlendis, þó ekki séu komnar stórar rannsóknir þess eðlis hér á landi. Hins vegar hefur kulnun, sem er skilgreint af afbrigði af samúðarþreytu, verið rannsökuð hér á landi meðal íslenskra hjúkrunarfræðinga. Rannsóknir sýna fram á kulnunareinkenni eru að færast í aukana hjá hjúkrunarfræðingum og sérstaklega á tímum heimsfaraldurs, þar sem hjúkrunarfræðingar hafa gegnt lykilhlutverki. Auk gríðarlegs álags tengdu faraldrinum þarf áfram að sinna þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og er þetta mikla álag farið að skila sér í uppsögnum hjúkrunarfræðinga, langvarandi veikindum og kulnun í starfi. Um 25% aukning er á umsóknum hjúkrunarfræðinga í Styrktarsjóð Fíh milli 2020 og 2021 og hefur aldrei verið svo mikil. Skv. upplýsingum frá VIRK hefur fjöldi hjúkrunarfræðinga í þjónustu hjá þeim aldrei verið eins hár og nú. Fíh telur það vera mikið áhyggjuefni, enda hafi kulnun ekki bara neikvæð áhrif á líðan fólks heldur geti hún líka grafið undan öryggi sjúklinga og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.

Til að koma í veg fyrir frekara brottfall hjúkrunarfræðinga úr starfi og tryggja mönnun og öruggt starfsumhverfi, þarf að bregðast strax við. Öðruvísi verða gæði og öryggi þjónustunnar ekki tryggð. Því er þessi þingsályktunartillaga sem jafnframt felur í sér tillögur að úrræðum, mjög nauðsynleg til að draga úr samúðarþreytu og kulnun.

Að lokum vill Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga koma á framfæri vilja sínum að koma að frekari vinnu við verkefnið.

Virðingarfyllst,

formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefnadasvið@althingi.is

Reykjavík, 18. febrúar 2022.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um samúðarþreytu og tillögur að úrræðum. 152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 341 – 241. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar áformum um skipan starfshóps sem hafi það markmið að greina og gera tillögur að fyrirkomulagi til þess að efla geðheilsu fagfólks sem vinnur við að hjálpa öðrum, svo sem starfsfólk heilbrigðiskerfisins, lögreglu, slökkviliðs og í leik-, grunn- og framhaldsskólum ofl. Félagsráðgjafar eru ein þeirra stétta sem eru í áhættu fyrir að þróa með sér samúðarþreytu og hefur félagið leitað leiða til að bæta vinnuumhverfi þeirra. Liður í þeirri viðleitni er þróun málavogar í félagsþjónustu sem aðferð til að meta vinnuálag en það er samstarfsverkefni félagsins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga í samræmi við bókanir með kjarasamningum aðila. Löng hefð er fyrir því innan félagsráðgjafar að nota handleiðslu sem forvörn og leitast þannig við að fyrirbyggja samúðarþreytu. Félagið hefur því lagt áherslu á það í kjarasamningum að tryggja rétt til handleiðslu á vegum vinnuveitanda. Fleiri stéttir hafa fylgt í kjölfarið og tekið upp handleiðslu sem forvörn en oft er handleiðslan þó ekki nýtt fyrr en halla fer undan fæti. Það er mikilvægt að leggja áherslu á handleiðslukerfi sem forvörn auk þess að þróa úrræði þegar skaðinn er skeður. Fyrsta skrefið er að greina vandann eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni, bera niðurstöður saman við önnur lönd, nýta þær til þess að bera saman starfstengd lífsgæði fagfólks milli starfseininga og koma með tillögur að úrræðum.

Eins og fram kemur í nýlegri grein Sigrúnar Harðardóttur og Sigrúnar Júlíusdóttur félagsráðgjafa (2022) þróaðist gróskuskeið handleiðslu sem órofa hluti af klínísku starfi frá miðri síðustu öld, ekki síst á sviði fjölskyldufræða og félagsráðgjafar. Hefur heil fræðigrein þróast með rannsóknum á gagnreyndri nytsemi handleiðslu, þróun vinnulíkana og aðferðarnálgunar. Til dæmis er nú unnið að rannsókn sem nær til breiðs hóps fagfólks hér á landi til að afla þekkingar á gildi handleiðslu í faglegu starfi. Nokkrar framsæknar þjónustustofnanir hafa komið á skipulegu handleiðslukerfi og líta á það sem fastan lið í innviðum stofnunar að vinna að fagþróun, vernd og þroska hvers fagmanns. Fjöldi fagfólks hér á landi hefur sérhæft sig á þessu sviði og hafa nokkrir tugir handleiðsara útskrifast með diplómanám í handleiðslufræðum, ýmist frá Háskóla Íslands (HÍ), Endurmenntun HÍ eða í samstarfi við erlenda háskóla. Um þessar mundir stundar 27 manna hópur fagfólks handleiðslunám á meistarastigi við Félagsráðgjafadeild HÍ.¹

Í ljósi þess að fagfólk leik-, grunn- og framhaldskólar er nefnt í tillögunni vill Félagsráðgjafafélag Íslands benda á mikilvægi faglegs stuðnings innan skóla sem byggir á heildarnálgun, viðeigandi farvegi og félagsráðgjöf í skólastarfi. Það er mikilvæg forvörn fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk skóla að bæta faglega þjónustu við nemendur á öllum skólastigum með því að tryggja aðgang að félagsráðgjöf. Þar má sérstaklega nefna þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu. Aukið fagafll innan skóla myndi létta álagi á kennurum og gera þeim kleift að einbeita sér að kennslu. Með auknum fagstyrk innan skóla er jafnframt komist nær því að tryggja þau mannréttindasjónarmið að allir fái jöfn tækifæri til náms. Ályktunum af niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið á undanförunum árum ber saman um mikilvægi

¹ Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2022). Handleiðsla – sjálfsrækt og fagþroski gegn örmögnun í hjálparstarfi sótt á <https://kjarninn.is/skodun/handleidsla-sjalfsraekt-og-fagthroski-gegn-ormognun-i-hjalparstarfi/>

Þess að endurskoða þurfi faglegt umhverfi skólans, hlutverk kennarans og breyttar fjölskylduaðstæður skólabarna með hliðsjón af gjörbreyttu samfélagi síðsamtímans. Án aðkomu fleiri fagstétta innan skóla má ætla að álag á kennara verði óbreytt um leið og ofurálag, starfsþreyta og brotthvarf frá starfi eykst.

Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins. Í ljósi þeirrar handleiðslu hefðar sem ríkir innan félagsráðgjafar og þeirra virku leiða sem stéttin hefur tileinkað sér til að draga úr samúðarþreytu, telur Félagráðgjafafélag Íslands mikilvægt að leitað verði til félagsins við tilnefningar í starfshóp heilbrigðisráðherra.

Félagráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
Formaður

**HÍ****FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD**

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík 14. febrúar 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum. 152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 341 — 241. mál.

Við fögnum framkominni þingsályktunartillögu um greiningu á samúðarþreytu og tillögu að fyrirkomulagi til þess að efla geðheilsu fagfólks innan velferðarþjónustu. Við viljum benda á nauðsyn skilgreiningar á hugtökum í þessu sambandi og mótun heildstæðrar stefnu um skipulegt handleiðsluferfi (e. clinical supervision) í velferðarstofnunum til þess að styrkja persónulega velferð fagfólks og þróun í starfi. Vísað er til greinar höfunda sem skrifuð var 31. janúar sl. í tilefni þess að framangreind þingsályktunartillaga var lögð fram: [Handleiðsla – sjálfsrækt og fagbroski gegn örmögnun í hjálparstarfi \(kjarninn.is\)](#)

Rannsóknir og tölfræðilegar upplýsingar sýna að álag á starfsfólk hefur aukist innan velferðarstofnana á undanförunum árum. Nútíma velferðarþjónusta er flókin og tekur stöðugum breytingum. Starfsfólk stendur frammi fyrir sífellt erfiðari áskorunum sem meðal annars felast í aukinni eftirspurn eftir þjónustu og vaxandi fjölbreytileika í hópi þjónustuþega samhliða úrræðaskorti. Stöðugt og viðvarandi álag á starfsfólk án faglegs stuðnings getur mögulega þróast yfir í samúðarþreytu (e. compassion fatigue), starfsþreytu eða örmögnun.

Handleiðsla skilgreinist sem lærdóms- og þroskaferli. Í því felst að samþætta fræðilega þekkingu, faglegt vinnulag og persónuþætti með það að markmiði að (i) vernda fagmanninn með því að örva og nýta persónulegar og faglegar forsendur hans, (ii) bæta samstarf innan og utan stofnunar, (iii) tryggja skjólstæðingum góða og faglega þjónustu, (iv) þróa aðferðir og stöðu fagsins og (v) efla árangur faglegs starfs á stofnun (Sigrún Júlíusdóttir, 2020)¹. Handleiðsla er þannig stöðkerfi, áhrifa- og mótunarafli í innviðum stofnunar. Í því felst forvarnargildi hvað varðar vellíðan og tilfinningalegt jafnvægi fagmanns sem persónu, hæfni hans til samstarfs innan vinnustaðar og árangur í meðferð og þjónustu skjólstæðinga.

Með innleiðingu skipulegrar handleiðslu innan stofnana má tryggja að fagfólk hafi vettvang til þess að ræða tilfinningar sínar og viðbrögð í öruggu rými, til að ígrunda klínísk viðfangsefni,

¹ Sigrún Júlíusdóttir. (2020). Hugmyndagrunnur, upphaf, þróun og staða handleiðslufræða. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), *Handleiðsla til eflingar í starfi* (bls. 17–56). Háskólaútgáfan.

sjá mögulegar leiðir til lausna og vinna að nýsköpun í því efni. Þannig nær fagfólk að efla eigin fagstyrk sem gerir það hæfara til að ráða við álag, geta sett mörk og unnið markvissar að faglegum lausnum. Í þessu felst hin raunverulega forvörn handleiðslu sem með áherslu á sjálfsvernd er vörn gegn berskjöldun gagnvart samúðarþreytu og örmögnun í starfi.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að handleiðsla eflir fagþróun, vellíðan og seiglu starfsfólks og kemur í veg fyrir atgervisflótta úr starfi (sjá t.d. Hawkins og McMahon, 2020)².

Án skipulegrar faghandleiðslu innan velferðarstofnana má ætla að álag á starfsfólk haldi áfram að aukast með tilheyrandi starfsþreytu og brotthvarfi úr starfi. Því er brýnt að veita framangreindri þingsályktunartillögu brautargengi og tryggja að fram fari greining á vandanum og henni fylgt eftir með virkum forvarnaraðgerðum til að efla geðheilsu fagfólks.

Undirritaðar eru tilbúnar til að fylgja umsögninni eftir með viðtali sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

Sigrún Harðardóttir, félagsráðgjafi MSW, Ph.D., dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi MSW, Ph.D., prófessor emeritus og þerapisti hjá Tengslum

² Hawkins, P. og McMahon, A. (2020). Supervision in the helping profession (5. útgáfa). McGraw-Hill Education. Open University Press.



Handleiðslufélag Íslands, Holtsbúð 41 – 210 Garðabær
handleidsla@gmail.com www.handleidsla.is

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Garðabær 14. febrúar 2022

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum.
152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 341 — 241. mál.**

Handleiðslufélag Íslands (Handís) fagnar framkominni þingsályktun sem hefur það markmið að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að greina og gera tillögur að fyrirkomulagi til þess að efla geðheilsu fagfólks sem vinnur við að hjálpa öðrum innan velferðarþjónustu. Handleiðslufélags Íslands er sammála um hlutverk starfshópsins í liðum a – d og vill benda á að handleiðsla er gagnreynd aðferð til þess að „efla fagmennsku, vernda fagmanninn og tryggja gæði þjónustunnar“ (Sigrún Júlíusdóttir, 2000).

Gildi sí- og endurmenntunar er löngu viðurkennt sem liður í að efla fagstyrk og styðja við starfsþróun en félagsleg vinnuvernd og skipulagður stuðningur við starfsfólk virðist ekki vera jafn sjálfsagður hlutur og aðgengi oft mjög takmarkað. Vel þekkt er skortur á stuðningi getur leitt af sér kostnaðarsöm fyrirbæri eins og slaka vinnustaðamenningu, háa starfsmannaveltu, miklar fjarvistir vegna veikinda, dýr eftirlitskerfi og auknar kvartanir viðskiptavina (Sveindís Anna Jóhannsdóttir, 2021). Nú á tímum þar sem mikið er rætt um kulnun, samkenndarþreytu og streitu og í lífi og starfi er löngu tímabært að skoða hvernig hægt að snúa vörn í sókn. Heilsuefling á vinnustöðum hefur verið töluvert tengd einstaklingsþáttum (s.s. hreyfing, hollt mataræði, tóbaksvarnir) en bent hefur verið á með fjölmörgum rannsóknum, m.a. frá Streiturannsóknarstofnun Gautaborgar, að vinnuveitandi ber ábyrgð á því að starfsumhverfið sé með þeim hætti að það ógni ekki heilsu starfsmanna og velferð. Skapa þarf forsendur og aðstæður til að starfsmenn geti unnið sín störf og staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til þess (Ingibjörg Jónsdóttir, 2017). Christina Maslach er höfundur matslista sem eru til í íslenskri þýðingu fyrir mismunandi starfshópa. Maslach bendir á það sama og Ingibjörg Jónsdóttir að það sé starfið sjálft sem skýrir að mestu hvað gerist við kulnun frekar en persónulegir einginleikar starfsmannsins, gera þurfi breytingar á störfum og starfsaðstæðum til að sporna við streitu, kulnun og neikvæðum áhrifum á heilsu starfsmanna.

Handleiðsla er aðferð sem miðar að því að efla verndandi þætti eins og samkenndarsátt, draga úr streituvaldandi þáttum í starfsumhverfinu, efla fagleg vinnubrögð og stuðla þannig markvisst að betri líðan í starfi en um leið að leitast við að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar sem veitt er. Handleiðsla er aðferð sem byggir á samstali bæði um jákvæða og eflandi þætti en eins neikvæðar hliðar starfsins sem draga úr starfskröftum. Í handleiðslu er verið að vinna með þá þætti sem valda samkenndarþreytu á sama tíma og unnið er að aukinni samkenndarsátt með því að efla fagvitund fagmannsins og eigin áhrifamátt. Handleiðsla er hægt að nota til að byggja upp góð starfsskilyrði og jákvæða vinnustaðamenningu og í því samhengi er handleiðsla forvörn gegn álagi og neikvæðum þáttum í stað þess að vera eingöngu viðbrað þegar aðurnefnd neikvæð einkenni hafa komið fram.

Til upplýsinga má geta þess að starfandi er þriggja manna starfshópur félagsráðgjafa og handleiðara (Steinunn Hrafnisdóttir, Sveindís Anna Jóhannsdóttir og Nadía Borisdóttir) sem er að vinna að þýðingu



Handleiðslufélag Íslands, Holtsbúð 41 – 210 Garðabær
handleidsla@gmail.com www.handleidsla.is

á spurningalistanum ProQOL yfir á íslensku ásamt stöðlun með leyfi frá útgefanda. Blæbrigðamunur er á þýðingum Lykilhugtaka en þýðing starfshópsins á ensku hugtökunum *compassion satisfaction* og *compassion fatigue* er samkenndarsátt og samkenndarþreyta þar sem orðið samúð er tengdara enska orðinu pity en samkennd nær betur merkingu enska orðsins compassion. Vonast er til að listinn verði tilbúinn til notkunar bæði klínískt og til rannsókna innan skamms.

Munur á starfsstéttum í velferðarþjónustu þegar kemur að upplifun á starfsánægju og neikvæðum álagstengdum þáttum. Fagstéttir eins og félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, kennarar, ljósmæður, prestar, sálfræðingar og þroskaþjálfar eru allar með handleiðslu sem hluta af sínum kjarasamningum en aðgengi að handleiðslu er misjafnt eftir stofnunum og fyrirtækjum og engin trygging að þessar fagstéttir fái handleiðslu óski þær þess og vel þekkt að margir inna þessarra fagstétta hafa aldrei sótt handleiðslu. Vel þekkt er að heilbrigðisstarfsmenn, starfsmenn menntamála og löggæslu eru í sérstakri áhættu fyrir tilfinningalegu álagi í starfi. Alvarlegasta stig kulnunar er þegar örmögnun og uppgjöf þróast í þunglyndi og einstaklingurinn tekur eigið líf eða deyr úr hjartaáfalli eða öðrum erfiðum sjúkdómum. Orsakir kulnunar eru of mikið vinnuálag, tilfinningalegt álag, óljós hlutverk, skortur á félagslegum stuðningi og skortur á ákvörðunarrétti. Mikil þörf er á að innleiða formleg stuðningskerfi þannig að starfsfólk viti hvenær og hvert það eigi að leita. Hægt er að útbúa viðmið og ramma sem starfsfólk, fyrirtæki og stofnanir geti nýtt til að innleiða eigin stefnu varðandi stuðning við starfsfólk. Einnig má hugsa sér miðlæga Handleiðslumiðstöð þar sem ríki, sveitarfélög og fyrirtæki í velferðarþjónustu geta sótt í þekkingarmiðstöð þar sem fagleg þekking, gæðaviðmið og siðfræði eru höfð að leiðarljósi. Handleiðsla ein og sér nægir ekki sem stuðningur við starfsmenn því til að byggja upp jákvæða vinnustaðamenningu þarf að huga að fjölbreyttum stuðningi sem tekur mið að þörf starfshópsins hverju sinni. Faglegt mat og aðstæður á vinnustað þurfa ávalt að liggja til grundvallar val á stuðningi. Í handleiðslu mætast þarfir einstaklings og stofnunar á skapandi hátt og útkoman verður hagstæðari fyrir alla (Maslach 1993; Sigrún Júlíusdóttir, 2000; Bond og Holland, 20210; Carpenter o.fl., 2012).

Bókin *Handleiðsla – Til eflingar í starfi: Vinnuvernd – fagvernd – mannvernd* kom út árið 2021 og var dr. Sigrún Júlíusdóttir ritstjóri bókarinnar en alls skrifuðu 17 sérfræðingar úr ólíkum faghópum efni bókarinnar. Bókin er fyrsta fræðiritið um handleiðslu á íslensku og er ætlað að mæta brýnni þörf fyrir kennsluefni um handleiðslufræði handa fagfólki og háskólanemum á sviði velferðarþjónustu.

Handleiðslufélag Íslands telur mjög mikilvægt að starfshópurinn verði þverfaglegur og er að sjálfsögðu tilbúið að skipa fulltrúa félagsins í starfshópinn því handleiðarar eru ein lykilstétta þegar kemur að því að efla geðheilsu fagfólks í velferðarþjónustu. Einnig er félagið tilbúið að fylgja þessari umsögn eftir með fundi sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu frá stjórn Handleiðslufélags Íslands,

Ella Kristín Karlsdóttir, formaður
Díana Ósk Óskarsdóttir
Edda Arndal
Guðrún Einarsdóttir
Ingibjörg Ásgeirsdóttir
Sigurlaug Eyjólfsdóttir
Sveindís Anna Jóhannsdóttir

Velferðarnefnd

Efni: Umsögn frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands um tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum.

Þingskjal númer 341-241 mál.

Við fögnum því að þessi tillaga er komin fram.

Samúðarþreyta, kulnun og annars stigs áföll eru raunveruleg ógn í starfi heilbrigðisstarfsmanna og fleiri stétta í samfélaginu. Viðfangsefnið er flókið og víðfemt og líklegt að álagið hafi aukist í þeim faraldri sem staðið hefur undanfarin tvö ár, þó vissulega hafi það verið til staðar áður.

Faraldurinn og þær sóttvarnaraðgerðir sem honum hafa fylgt hafa aukið á einveru og einangrun bæði í vinnu og einkalífi fólks og valdið mikilli skerðingu á lífsgæðum, ekki síst heilbrigðisstarfsmanna. Faraldurinn hefur afhjúpað enn frekar veikleika sem fyrir voru í kerfinu s.s mönnunarvanda heilbrigðisstofnana, sem eykur á streitu, álag og kulnun.

Á landsbyggðinni er erfiðara að manna stöður heilbrigðisstarfsmanna, sérfræðistöður sem og almennar. Einnig eru líkur að á landsbyggðinni sé fagaðili einn í sínu fagi og ekki sé aðgangur að sérfræðingi á því sviði sem úrlausnarefnið krefst og það eitt og sér eykur álag.

Skipun starfshóps

Að tekið sé fram að starfshópurinn verði skipaður fagfólki með sérþekkingu á sviði samúðarþreytu, kulnunar og annars stigs áfalla.

Liður a)

Viðbót þar sem kveðið er á um að gagnreyndar aðferðir verði notaðar við greiningu og úrvinnslu upplýsinga.

Liður d)

Viðbót þar sem kveðið er á um framkvæmd úrræða og tímamörk til að tryggja sem best að tillögurnar komist í framkvæmd en einnig hver framfylgir/framkvæmir og innan hvaða tímamarka.

F.h. Fagráðs Heilbrigðisstofnunar Norðurlands
Fanney Ísfold Karlsdóttir



KENNARASAMBAND Íslands
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 • ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2022

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum, þingskjal 341 -241. mál.

Kennarasamband Íslands (KÍ) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum.

KÍ fagnar framangreindi þingsályktunartillögu og telur afar mikilvægt að skipaður verði starfshópur sem hefur það að markmiði að koma með tillögur að fyrirkomulagi sem gerir fagfólki, kleift að efla geðheilsu sína eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Fjölmargir félagsmenn KÍ sem m.a. starfa í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum finna fyrir einkennum samúðarþreytu þ.m.t. kulnunar. Ástandið var slæmt fyrir COVID faraldurinn en sterkar vísbendingar eru um að ástandið hafi versnað til muna eftir faraldurinn hófst. Aukning langvarandi veikinda, m.a. kulnunar, félagsmanna KÍ á síðustu árum hefur m.a. leitt til þess að skerða hefur þurft réttindi félagsmanna KÍ til sjúkradagpeninga vegna hættu á að Sjúkrasjóður KÍ myndi tæmast.

Rannsóknir sem gerðar voru eftir efnahagshrun bentu til þess að kulnunareinkenni, tilfinningaþrot og örmögnunarröskun hefði aukist og má ætla að COVID19 hafi ekki haft góð áhrif þar á.¹ Nýjar rannsóknir sýna einnig að einkenni kulnunar hafi enn aukist. Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, hafa unnið að rannsókn reglulega frá árinu 2010. Í rannsókn ársins 2019 mældust 33% grunnskólakennaranna með engin merki um kulnun í starfi, 43,8% með nokkur atriði sem einstaklingur ætti að vera meðvitaður um, **20,5%** grunnskólakennaranna mældust með kulnunareinkenni sem þeir ættu að gera eitthvað í og **2,7%** kennaranna mældust svo útbrunnir að þeir ættu að leita sér tafarlaust hjálpar til að breyta stöðu sinni. Árið 2021 var sami spurningarlisti lagður fyrir og kom í ljós að hlutfall grunnskólakennara með kulnunareinkenni sem þeir ættu að gera eitthvað í var hærra en árið 2019, eða **23,6%**. Einnig hafði hlutfall grunnskólakennara sem voru svo útbrunnir að þeir ættu að leita sér tafarlaust hjálpar til að breyta stöðu sinni, eða **3,6%**.²

Samúðarþreyta þ.m.t. kulnun og önnur vanlíðan getur valdið þeim starfsmönnum sem í slíku lenda verulegu andlegu, líkamlegu og fjárhagslegu tjóni. Tjónið er þó ekki aðeins bundið við þá heldur hefur

¹ Sif Einarsdóttir, Regína Bergdís Erlingsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ásta Snorradóttir (2019). Kulnun kennara og starfsaðstæður: Þróun og samanburður við aðra opinbera sérfræðinga. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2019/rvn/12>

² Árni Sæberg. (2021, 16. október). Segja fjórðung grunnskólakennara sýna einkenni kulnunar í starfi. *Vísir*. Sótt af: <https://www.visir.is/g/20212170371d>



KENNARASAMBAND Íslands
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 • ki@ki.is • www.ki.is

Þetta einnig áhrif á fjölskyldu og vini. Afleiddur kostnaður er mikill fyrir samfélagið í heild. Samúðarþreyta þ.m.t. kulnun getur leitt til þess að starfsmenn verða óvinnufærir sem leiðir til aukinna útgjalda vinnuveitanda sem í tilviki félagsmanna KÍ eru oftast ríki og sveitarfélög þar sem starfsmenn eiga almennt rétt til launa í veikindaforföllum. Hafi starfsmenn ekki náð heilsu þegar þeir hafa fullnýtt rétt til launa í veikindaforföllum þá geta þeir átt rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði viðkomandi stéttarfélags, frá ríkinu og/eða lífeyrissjóðum. Það er því ljóst að til mikils er að vinna bæði fyrir starfsmenn og samfélagið allt að greina vandann svo starfsmenn detti ekki út af vinnumarkíði þ.m.t. rannsaka orsakir og koma með tillögur að úrræðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Kennarasambands Íslands

Anna Rós Sigmundsdóttir
Sviðsstjóri lögfræðisviðs Kennarasambands Íslands

Sigrún Birna Björnsdóttir
Sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum



Reykjavík 16. febrúar 2022

Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um greiningu á samúðarþreytu og tillögur að úrræðum þingskjali 341 — 241. mál.

Sjúkraliðafélag Íslands mælir með samþykki ofangreindrar þingsályktunar.

Umrædd þingsályktun er þingheimi í raun afskaplega útlátalítill en efnið þeim mun mikilvægara. Tillagan gerir í raun eingöngu ráð fyrir skipun starfshóps sem hafi það markmið að greina og gera m.a. tillögur að fyrirkomulagi til þess að efla geðheilsu fagfólks sem vinnur við að hjálpa öðrum.

Tillagan mætir vaxandi vanda sem Sjúkraliðafélag Íslands og önnur fagfélög þekkja mæta vel. Vegna aukins álags, ekki síst í heilbrigðiskerfinu, hafa sjúkraliðar svo sannarlega fundið fyrir kulnun og samúðarþreytu.

Sjúkraliðafélag Íslands fullyrðir að starf sjúkraliða er unnið af mikilli hugsjón og umhyggju. Nærþjónustan gagnvart sjúklingi og/eða skjólstæðingi er hins vegar oft unnin af sjúkraliða og nálægðin mjög mikil. Sjúkraliðar sinna ekki eingöngu líkamlegri þörf sjúklinga heldur einnig þeirri andlegu og félagslegu. Aðstæður geta því verið krefjandi fyrir sjúkraliðann og geta vakið ýmis einkenni kulnunar og samúðarþreytu. Með hækkandi aldri þjóðarinnar og auknum kröfum í heilbrigðiskerfinu mun þessi vandi eingöngu aukast.

Sjúkraliðafélag Íslands minnir þingmenn á að heilbrigðiskerfið glímir m.a. við mönnunarvanda, þrátt fyrir að fjölmargir ljúki námi í heilbrigðisvísindum. Starfsmannavelta er of mikil og of fáir sjúkraliðar sem ljúka námi hefja störf sjúkraliða eða ílengjast ekki í heilbrigðiskerfinu. Það er áhyggjuefni fyrir alla, ekki síst fyrir þingmenn sem eru með fjárveitingarvaldið og koma að skipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir landsmenn.

Heilbrigðiskerfið er lítið annað en það fólk sem þar starfar og fólk sem þangað leitar.

Að lokum leggur Sjúkraliðafélag Íslands til að fulltrúi frá félaginu fái sæti í umræddum starfshópi.

Virðingarfyllst,

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands